



# Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum

Rut Kristinsdóttir



Skipulagsstofnun

Athugasemdir ESA í febrúar 2010


Snéru fyrst og fremst að viðmiðum tilkynningaskyldra framkvæmda í 2. viðauka laganna.

Einstaka ábendingar um orðalag

**Vinna við endurskoðunina fólst fyrst og fremst í að verða við tilmælum ESA**

Frumvarpið fyrst lagt fram 2011

Lagt fram í 3. skipti haustið 2014 og varð að lögum í desember 2014



Lögin ná til samskonar framkvæmda og áður

Framkvæmdir sem áður féllu utan viðmiða 2. viðauka falla nú undir lögin

- Minni að umfangi
- Utan verndarsvæða

Tveir viðaukar í stað þriggja áður

- 1. viðauki: Framkvæmdir sem falla undir lögin

Skiptist í A-, B- og C – flokka

- 2. viðauki: Viðmiðanir við mat á framkvæmdum í B- og C flokki

Nokkrar viðbætur, þær helstu: „Svæði á náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá“, „Landsvæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar“


Sveitarfélögin gegna hlutverki við ákvarðanatöku framkvæmda í C- flokki

# 1. VIÐAUKI

---

Framkvæmdir í 1. viðauka, eru flokkaður í þrjá flokka

- . **A: Matsskyldar framkvæmdir** (áður 1. viðauki)
  - ” ÓBREYTT MÁLSMEÐFERÐ
- . **B: Tilkynningaskyldar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar** (áður 2. viðauki)
  - ” ÓBREYTT MÁLSMEÐFERÐ
- . **C: Tilkynningaskyldar framkvæmdir til sveitarfélaga** (ný viðfangsefni laganna)
  - ” Á eingöngu við ef framkvæmdin er háð framkvæmda- eða byggingaleyfi samkvæmt skipulagslögum
  - ” **TEKUR GILDI 1. JÚNÍ**



# Málsmeðferð C- flokks framkvæmda



Framkvæmdaraðili tilkynnir sveitarstjórn um framkvæmd – samhliða framkvæmdaleyfisumsókn

Sveitarstjórn hefur tvær vikur til að taka ákvörðun um matsskyldu


Óski sveitarstjórn áhlits annarra aðila, s.s. leyfisveitanda lengist frestur til að taka ákvörðun í þrjár vikur

Umsagnafrestur umsagnaraðila 10 virkir dagar

Ákvörðun tekin sem næst framkvæmdaleyfisveitingu

Auglýsing ákvörðunar

Skil á gögnum í vefgátt Skipulagsstofnunar




Unnið að reglugerð í samræmi við lög

- Stefnt að gildistöku 1. júní n.k

Unnið að leiðbeiningum til sveitarfélaganna

- Málsmeðferð
- Viðmið til hliðsjónar
- Taka ákvörðunar – eyðublað
- Skil á gögnum til Skipulagsstofnunar





	Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	A	B	C
1.06	Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógareyðing sem breytir fyrri landnotkun.		X	
1.07	Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun.			X
1.11	Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.		X	
1.12	Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn.			X

Tilkynningaskyld til  
Skipulagsstofnunar

Tilkynningaskyld til sveitarstjórnar  
ef háð framkvæmdaleyfi.  
Tilkynningaskyld til  
Skipulagsstofnunar ef utan  
netlaga.

Tilkynningaskyld til  
sveitarstjórnar

# Efnistaka og haugsetning

2. Námuiðnaður		A	B	C
2.01	Efnistaka og/eða <b>haugsetning</b> á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m <sup>3</sup> eða meira.	X		
2.02	Efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum.		X	
2.03	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m <sup>3</sup> eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m <sup>2</sup> .		X	
2.04	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m <sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m <sup>3</sup> .			X

Matsskyld framkvæmd

Tilkynningaskyld til  
Skipulagsstofnunar

Tilkynningaskyld til  
sveitarstjórnar




# Vindaflsstöðvar

		A	B	C
3.24	Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira.		X	
3.25	Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með minna en 2 MW rafafli.			X
3.02	Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.		X	

Tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar

Matsskyld framkvæmd

Tilkynningaskyld til sveitarstjórnar



# Tilkynningaskyld vegagerð

	Vegagerð	A	B	C
10.09	Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.		X	
10.10	Nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 eða 10.09.			X

Tilkynningaskyld til  
Skipulagsstofnunar

Tilkynningaskyld til  
sveitarstjórnar


Dæmi um veg í C- flokki gæti verið vinna við 4 km héraðsveg utan verndarsvæðis

## Ferðalög og tómstundir

	A	B	C
<b>12.05</b> Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótel og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.			X

**Nýmæli:** Í eldri lögum eingöngu fjallað um „þjónustumiðstöðvar“.

Breytt til samræmis við athugasemdir ESA og tilskipunina



	13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir	A	B	C
13.01	Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A þegar breytingin eða viðbótin sjálf fer yfir þau viðmið sem flokkur A setur.	X		

Nýmæli – Breytt til samræmis við athugasemdir ESA og tilskipunina

Dæmi: Ef fyrirhugað að stækka orkuver sem er með 10 MW rafafli eða meira (töluliður 3.02 A- flokkur) um 10 MW eða meira fellur framkvæmdin þá undir tölulið 13.01 og er þar með matsskyld. Hefði samkvæmt eldri lögum fallið undir tölulið 13a og þá tilkynningaskyld